

Borgarráð

### *Tillaga um ráðningu borgarritara*

Borgarráð samþykkir að ráða Stefán Eiríksson, sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, í stöðu borgarritara.

Greinargerð:

Með auglýsingu þann 19. nóvember sl. á vef Reykjavíkurborgar, í Fréttablaðinu og í Morgunblaðinu var auglýst laust til umsóknar starf borgarritara og var umsóknarfrestur til 5. desember sl.

Í auglýsingu um stöðuna voru eftirtaldar hæfniskröfur tilgreindar:

- Framhaldsmenntun á háskólastigi sem nýtist í starfi.
- Farsæl reynsla af rekstri, stjórnun og mannaforráðum.
- Reynsla af stefnumótunarvinnu og innleiðingu breytinga.
- Reynsla af því að leiða þjónustu.
- Reynsla af áætlanagerð og eftirfylgni áætlana.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu.
- Leiðtogahæfileikar, lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Framsýni, metnaður, frumkvæði og skipulagshæfileikar.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku. Kunnátta í öðrum tungumálum er kostur.

Ennfremur var tekið fram í auglýsingu að leitað væri að einstaklingi sem væri annt um umhverfi sitt, samfélag og velferð íbúanna.

Alls bárust 24 umsóknir, en 7 umsækjendur drógu umsóknir sínar til baka áður en nafnalisti umsækjenda var gerður opinber. Úrvinnsla fór því fram á 17 umsóknum

Umsækjendur eru:

- Ásta Valdimarsdóttir
- Birgir Finnbogason
- Gunnhildur Gunnarsdóttir
- Halla S. Sigurðardóttir
- Hrólfur Jónsson
- Ingimar Þór Friðriksson
- Margrét María Sigurðardóttir

- Óskar Dýrmundur Ólafsson
- Róbert Ragnarsson
- Sigtryggur Jónsson
- Stefán Eiríksson
- Tryggvi Þórhallsson

Ráðgjafar Capacent Ráðninga höfðu umsjón með ráðningarferlinu. Áður en umsóknarfrestur rann út var skipuð valnefnd vegna ráðningarinnar. Í valnefnd voru Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Ólöf Örvarsdóttir sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar og Jóna Björk Sigurjónsdóttir ráðgjafi hjá Capacent. Auk þess tók Auður Bjarnadóttir ráðgjafi hjá Capacent þátt í úrvinnslunni.

Ráðningarnefndin gerði drög að matsramma fyrir fyrsta mat á umsóknum og ráðningarferlið í heild sinni áður en umsóknarfrestur rann út. Matið er byggt upp á þeim viðmiðum sem sett eru fram í auglýsingu um starfið. Í samráði við ráðningarnefnd setti ráðgjafi Capacent upp spurningaramma fyrir staðlað og hegðunartengt forviðtal þar sem spurningar voru tengdar við eitt viðmið eða hæfniskröfur.

Ráðningarnefnd mat umsóknir út frá þeim hæfniskröfum sem tilgreindar voru í auglýsingu og lagðar eru til grundvallar fyrir veitingu stöðunnar. Var það niðurstaða ráðningarnefndar að 12 umsækjendur uppfylltu best hlutlægar menntunar- og reynslukröfur, en skv. umsóknum og gögnum umsækjenda sýndu umsóknir þeirra fram á menntun og reynslu sem nýtist í starfi, sem og þekkingu og reynslu af rekstri, stjórnun og mannaforráðum. Jafnframt var litið til tungumálakunnáttu þeirra, sem var tilgreindur hæfnisþáttur í auglýsingunni.

Í framhaldinu voru þeir kallaðir í viðtöl til Capacent og fóru þau viðtöl fram dagana 12. - 15. desember sl. í húsakynnum Capacent. Jóna Björk Sigurjónsdóttir tók viðtölin af hálfu Capacent við eftirtalda umsækjendur:

- Ásta Valdimarsdóttir
- Birgir Finnbogason
- Gunnhildur Gunnarsdóttir
- Halla S. Sigurðardóttir
- Hrólfur Jónsson
- Ingimar Þór Friðriksson
- Margrét María Sigurðardóttir
- Óskar Dýrmundur Ólafsson
- Róbert Ragnarsson
- Sigtryggur Jónsson
- Stefán Eiríksson
- Tryggvi Þórhallsson

Að viðtölum loknum voru 4 umsækjendur metnir hæfastir og voru þeir kallaðir í framhaldsviðtöl. Viðtölin sátu borgarstjóri, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviði og ráðgjafi Capacent. Viðtölin fóru fram í Ráðhúsinu 19. desember. Þeir sem voru kallaðir í framhaldsviðtöl voru eftirtaldir:

- Hrólfur Jónsson
- Óskar Dýrmundur Ólafsson

- Sigtryggur Jónsson
- Stefán Eiríksson

Viðtölin fóru þannig fram að ráðgjafi Capacent leiddi spurningar, en borgarstjóri og sviðsstjóri umhverfis og skipulagssviðs fylgdu þeim eftir ef þeim þótti ástæða til þess og báru auk þess fram sínar spurningar, þegar svör umsækjenda gáfu tilefni til þess. Ráðgjafi Capacent skráði viðtölin. Eftir að spurningum var lokið kynntu umsækjendur verkefni sem þeir höfðu fengið sent tveimur dögum áður og undirbúið fyrirfram. Þegar viðtölum og kynningum var lokið voru niðurstöðurnar ræddar.

Það er samdóma álit þeirra sem fóru yfir umsóknir og tóku viðtöl við umsækjendur að Stefán Eiríksson uppfyllti best umsækjenda þær kröfur sem gerðar eru til starfs borgarritara og fram komu í auglýsingu um starfið.

Hlutverk borgarritara er að fara með forystu og samhæfingarhlutverk í stjórnsýslu og þjónustuveitingu borgarinnar og leiða umbætur á þeim sviðum. Stefán Eiríksson hefur margra ára reynslu sem stjórnandi innan opinberrar stjórnsýslu, bæði á ríkis- og sveitarstjórnarstigi. Að loknu embættisprófi í lögfræði starfaði hann sem lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu í um þrjú ár og sem sendiráðunautur á sviði dóms- og innanríkismála í sendiráði Íslands í Brussel í um tvö ár. Hann var skrifstofustjóri dómsmála- og löggæsluskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytis í um 5 ár auk þess sem hann var staðgengill ráðuneytisstjóra stóran hluta af þeim tíma og sinnti verkefnum starfsmannastjóra ráðuneytisins í um tvö ár samhliða öðrum störfum. Hann var skipaður lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu árið 2007 og sinnti því starfi í rúmlega 7 ár þar til hann hóf störf sem sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar haustið 2014.

Stefán hefur mikla og víðtæka reynslu af stjórnun og mannaforráðum í gegnum störf sín hjá Reykjavíkurborg og Lögreglunni. Í þessum störfum hefur hann einnig borið ábyrgð á rekstri og áætlanagerð og er því vel kunnugur þeirri fjárhagslegu ábyrgð sem fylgir stöðu borgarritara. Hann hefur auk þess víðtæka og haldgóða reynslu af því að leiða þjónustu.

Umsagnir um Stefán undirstrika að hann býr yfir þeirri þekkingu, reynslu og eiginleikum sem leitað er eftir hjá borgarritara. Hann er sagður fær leiðtogi sem ávinnur sér mikla virðingu og traust auk þess sem hann býr yfir frumkvæði og framsýni.

Hér verður gerð grein fyrir hæfni Stefáns Eiríkssonar út frá þeim kröfum sem gerðar voru:

#### **Framhaldsmenntun á háskólastigi sem nýttist í starfi.**

Stefán uppfyllir vel kröfur um menntun en hann lauk cand. jur., embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1996.

#### **Farsæl reynsla af rekstri, stjórnun og mannaforráðum.**

Stefán býr yfir haldgóðri og víðtækri reynslu af rekstri, stjórnun og mannaforráðum. Síðustu tvö ár hefur hann verið sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar en þar starfa um 2500 starfsmenn í um 120 starfseiningum, bæði sérfræðingar og stjórnendur. Sem lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu í rúmlega 7 ár stýrði hann um 400 starfsmönnum. Í þessum störfum hefur hann borið ábyrgð á umfangsmiklum rekstri. Í umsögnum um Stefán kemur fram að hann sé góður rekstrarmaður með yfirsýn, þekkingu og reynslu af rekstri. Honum hafi meðal annars gengið vel að reka embætti Lögreglunnar undir sterkri kröfu um sparnað. Þá hefur reynt á hæfni hans á þessu sviði í ýmsum hagræðingarverkefnum.

### **Reynsla af stefnumótunarvinnu og innleiðingu breytinga.**

Stefán hefur fjölbreytta reynslu af stefnumótunarvinnu og innleiðingu breytinga. Ætla má að stærsta verkefnið hans á þessu sviði hafi verið þegar hann var í leiðandi hlutverki við stofnun nýs lögregluembættis og síðar í forsvari fyrir þá stofnun sem lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt umsögnum stóð hann sig vel við sameininguna og tókst vel til við að búa til nýtt embætti með sína menningu og ímynd.

### **Reynsla af því að leiða þjónustu.**

Stefán hefur víðtæka reynslu af því að leiða þjónustu, bæði úr störfum sínum sem lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu og úr núverandi starfi sem sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar sem veitir fjölbreytta þjónustu á sviði velferðarmála.

### **Reynsla af áætlanagerð og eftirfylgni áætlana.**

Stefán hefur í gegnum störf sín sem sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og sem lögreglustjóri lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu víðtæka reynslu af áætlanagerð og eftirfylgni áætlana. Umsagnir styðja við það mat. Hann er sagður hafa tekið virkan þátt í áætlanagerð og eftirfylgni áætlana.

### **Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu.**

Þekking og reynsla Stefáns af opinberri stjórnsýslu er metin mjög góð. Lögfræðimenntun hans þykir góð undirstaða fyrir þá þekkingu og í hans daglegu störfum reynir á að taka stjórnvaldsáskvarðanir. Stefán hefur margra ára reynslu af störfum innan stjórnsýslunnar á ólíkum vettvangi og hefur hann bæði reynslu á ríkis- og sveitarstjórnarstigi. Má þar nefna að hann starfaði í nokkur ár hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, meðal annars sem staðgengill ráðuneytisstjóra og starfsmannastjóri, hann var lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu í rúmlega 7 ár auk þess sem hann hefur verið sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar í rúmlega 2 ár. Umsagnir styðja við þetta mat.

### **Leiðtogaþæfileikar, lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.**

Stefán er metinn búa yfir miklum leiðtogaþæfileikum, lipurð og hæfni í samskiptum. Honum hefur verið treyst fyrir stórum og viðamiklum verkefnum í störfum sínum. Hann temur sér kurteis í samskiptum og að hlusta. Sem stjórnandi hefur hann þurft að taka á ýmsum erfiðum starfsmannamálum. Að mati umsagnaraðila er hann góður leiðtogi sem gott er að vinna með, getur útteilt verkefnum, falið mönnum ábyrgð en stýrt og lagt línurnar. Hann er sagður fær í samskiptum, kurteis og rólegur. Einnig er sagt að hann taki á erfiðum starfsmannamálum af fagmennsku og komi sér ekki hjá því. Um Stefán er sagt að hann hafi áunnið sér virðingu og traust.

### **Framsýni, metnaður, frumkvæði og skipulagshæfileikar.**

Í þeim ábyrgðarstörfum sem Stefán hefur sinnt síðustu ár hefur reynt mikið á framsýni, metnað, frumkvæði og skipulagshæfileika. Umsagnir styðja við þetta. Hann er sagður skipulagður, með skýra afstöðu og ígrundar vel áður en hann leggur línurnar. Hann er sagður skapandi og nýjungagjarn en að hann starfi af virðingu við það umhverfi sem hann starfar innan. Því til stuðnings er hægt að nefna að undir forystu Stefáns fékk lögregluembættið viðurkenningar og verðlaun og að mati umsagnaraðila átti hann stóran þátt í þeim góða árangri. Hann er sagður hafa hvatt menn til að koma auga á og taka upp nýbreytni og þróun í starfsemi sem menn lögðu sig fram um að gera undir hans forystu.

**Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku. Kunnátta í öðrum tungumálum er**

**kostur.**

Tungumálakunnátta Stefáns er metin mjög góð í íslensku og ensku, og góð í þriðja tungumálinu. Í störfum hans hefur reynt á hæfni til að tjá sig í ræðu og riti. Auk þess hefur hann setið í ritstjórn Lögréttu og í því samhengi tekið viðtöl og skrifað greinar. Stefán starfaði í enskumælandi umhverfi í um tveggja ára skeið þegar hann starfaði sem sendiráðunautur á sviði dóms- og innanríkismála í sendiráði Íslands í Brussel frá árinu 1999 til ársins 2001. Auk þess talar Stefán nokkuð góða dönsku og hefur notað tungumálið í erlendum samskiptum. Hann er sagður hafa góða hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á ensku og geti einnig tjáð sig á Norðurlandamáli. Hann þykir mjög áheyrilegur, mælskur og á gott með að fanga athygli hlustenda sinna og halda ræður.

**Raunhæft verkefni:**

Umsækjendur fengu sent til sín raunhæft verkefni sem þeim var falið að kynna í stuttu máli að loknu seinna viðtali. Það var mat ráðningarnefndar að Stefán leysti verkefnið einstaklega vel af hendi. Verkefnið var vel undirbúið og framsetning þess var skýr og greinargóð. Framsögnin var skemmtileg og lífleg og innihaldið undirstrikaði faglega þekkingu hans á viðfangsefninu.

Dagur B. Eggertsson